

**■ 183. gr.**

Nú verður mál ekki fellt niður, því vísað frá dómi eða lokið með viðurlagaákvörðun skv. 182. gr. og skal þá saminn skriflegur dómur þar sem forsendur fylgja dómsorðum.

Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri en einn dæma málið, svo og stað og stund dómsuppkvaðningar. Síðan skal greina svo stutt og glöggt sem verða má:

a. nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða,

b. hver hafi gefið út ákæru og hvenær og hvert meginefni hennar sé,

c. hvers krafist sé í málinu,

d. hver málsatvik séu í aðalatriðum, [án þess að gerð sé grein fyrir framburði ákærða og vitna nema að því leyti sem þörf krefur til úrlausnar máls], <sup>1)</sup>

e. [við hvaða sönnunargögn og rök ákæra sé studd og andsvör ákærða við þeim eftir því sem þörf krefur], <sup>1)</sup>

f. röksemdir dómara fyrir því hvað teljist sannað í málinu og með hverjum hætti,

g. röksemdir dómara fyrir niðurstöðu um önnur atriði máls, þar á meðal um viðurlög,

h. sakarkostnað.

Í dómsorðum skulu niðurstöður máls dregnar saman.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má í máli sem farið er með skv. 164. gr. láta nægja að skírskota í dómi til ákæru í stað þess að lýsa málsatvikum og geta þess jafnframt að málið sé dæmt samkvæmt skýlausri játningu ákærða. Það sama má gera í öðrum tilvikum þar sem ekki er deilt um verknaðarlýsingu í ákæru. Í máli sem farið er með skv. 161. gr. má á sama hátt í dómi skírskota til ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

Samkvæmt kröfu ákæruvaldsins getur dómari ákveðið í dómi að ákvörðun um missi réttinda komi þegar til framkvæmda og án tillits til áfrýjunar ef það telst nauðsynlegt til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum að gengnum dómi eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Á sama hátt má ákveða í dómi að áfrýjun fresti ekki dómsákvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið getur gert kröfu um dómsákvæði sem þessi allt fram að dómtöku máls.

<sup>1)</sup>L. 78/2015, 26. gr.